

# Jarðvinna vegna viðbyggingar við Grensásdeild Landspítala



## Ágætu íbúar í nágrenni við framkvæmdasvæði Nýs Landspítala við Grensás

Á næstunni hefst jarðvinna vegna viðbyggingar við Grensásdeild Landspítala.

Jarðvinnan felur m.a. í sér berglosun og verður hún framkvæmd með fleygun. Ekki verður sprengt fyrir byggingunni.

Til að koma í veg fyrir að mold og annað jarðefni berist út á götur hverfisins, verður komið fyrir þvottastöð fyrir vörubíla innan framkvæmdasvæðis. Allir vörubílar skulu aka í gegnum þvottastöðina áður en þeir yfirgefa vinnusvæðið. Eins skal verktaki sjá um regluleg þrif á Álmgæði frá vinnusvæði að Grensásvegi.

Áætlað er að jarðvinnu ljúki í apríl á næsta ári og mun þá vinna við uppsteypu viðbyggingar hefjast í kjölfarið. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum verði að fullu lokið á árinu 2026.

Allt framkvæmdasvæðið verður girt af með girðingu til að tryggja öryggi almennings og koma í veg fyrir óæskilega umferð innan svæðisins. Afmörkun er í samræmi við verklagsreglur Vinnueftirlitsins.

Nýr Landspítali biðst velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda.

Hægt er að senda ábendingar eða spurningar á netfangið [postur@nlsh.is](mailto:postur@nlsh.is) vegna framkvæmdanna.

**Nýr Landspítali ohf. þakkar gott samstarf vegna framkvæmda við viðbyggingu Grensásdeilda.**